

Einar M. Jónasson greiði sekt 40 kr., er að helmingi renni í landssjóð, en að helmingi í fátækra sjóð Reykjavíkur.

Málkostnaður og sekt greiðist áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 20. desember 1915.

Nr. 78/1915.

Réttvísinn

gegn

Sigfúsi Sveinbjörnssyni.

Úrskurður:

Áður en dómur er lagður á mál þetta þykir nauðsynlegt að leita með réttarrannsókn frekari upplýsinga um þau atriði, er nú skal greina:

1. Fá skýrslu konu Kjartans Þorkelssonar á Litlu-Hnausum um samtal Hallbjörns Þorvaldssonar í Gröf, við mann hennar vorið 1913, er ræðir um í prófunum, og yfirheyrja Hallbjörn á ný hér að lútandi, eftir því sem framburður konunnar kann að gefa til efni til.

2. Fá upplýsingar um hvernig fyrir hafi verið komið læsingu á búðarhurðinni í húsi ákærða, sérstaklega um það, hvort hægt hafi verið að loka hurðinni að utan.

3. Fá skýrslu Magnúsar Jónssonar um skotfæri

þau og púður, sem ákærði hefir borið að geymd hafi verið í skáp í eldhúsinu, og Magnús hafi haft meðgerð með.

4. Fá nánari skýrslur um, hvar fatnaður ákærða hafi verið geymdur uppi á loftinu, hvernig gluggum hafi verið komið fyrir á geymsluherberginu uppi á loftinu, hvað langt frá glugga skrifpúlt ákærða hafi staðið og yfirleitt um það, hvort dagsbirtu hafi getað lagt að skilrúmi því á loftinu, er skrifpúltið stóð við.

5. Fá ítarlega og nákvæma skýrslu ákærða um það, hvernig hann hafi farið með eldspýtur þær, sem hann kveðst hafa kveikt á uppi á loftinu, hvernig hann hafi slökt á þeim og hvar lagt þær frá sér og hvort hann hafi gætt þess, að eigi gæti kviknað í neinu á loftinu af eldspýtunum.

6. Fá skýrslu um efnahag ákærða.

Ber rannsóknardómaranum að útvega skýrslur þessar og þær aðrar upplýsingar, er framhaldsprófin kunna að gefa tilefni til að leita.

Því úrskurðast:

Undirdómaranum ber að útvega framangreindar skýrslur og upplýsingar, svo fljótt sem verð má.